Útkomin í A-deild Stjórnartíðindanna

Auglýsing um breyting á auglýsing 26. september 1872, 5. gr. og auglýsing 10. febr. 1876, 2. gr., að því er snertir viktartakmarkið og burðargjaldið fyrir prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, er senda á milli hins danska og íslenzka póstumdæmis. Útgefin af innanríkisráðgjafanum og ráðgjafa Íslands 4. júní 1885. (A. nr. 3, bls. 8—9).

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um borgun handa fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1887. — 58 26. maí. Samkvæmt allrapegnlegastri tillögu ráðgjafans hefur hans hátign konunginum 21. þ. m. allramildilegast þóknast að fallast á, að gjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á hinni reglulegu samkomu alþingis 1887 skuli ákveðin 2000 kr.

Þetta er eigi látið hjálíða þjónustusamlega að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það í B-deild Stjórnartíðindanna.

Auglýsing

59 6. júní.

fyrir sjófarendur.

Það kunngjörist hjermeð sjófarendum, að hjereptir verður kveikt á ljóskerinu yzt á Garðsskaga í Gullbringusýslu á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí.

Reykjavík, 6. júnímánaðar 1885.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Bergur Thorberg. *Jón Jensson.*

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu* um hallærislán handa sýslunni. — 60 24. júní. Samkvæmt beiðni þeirri, er þjer, herra sýslumaður, í umboði sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu og að þartil fengnu samþykki amtsráðsins, hafið komið fram með í þóknanlegu brjefi, dagsettu í dag, veiti jeg hjermeð greindri sýslunefnd allt að 20,000 kr. lán úr landssjóði til að afstýra hallæri í sýslunni, gegn því, að lán þetta verði endurgreitt á þann hátt, er alþingi ákveður.

Um leið og jeg get þess, að jeg treysti því, að upphæð lánsins verði takmörkuð sem mest má verða, skal því viðbætt, að nokkur hluti þess getur fengizt útborgaður nú þegar móti tilhlýðilegu skuldabrjefi.

Auglýsing

61 29. júní.

um apturköllun á auglýsingu landshöfðingja 18. júlí f. á. um kólerusótt á Suður-Frakklandi.

Auglýsing landshöfðingja, 18. júlí 1884, um að reglum þeim, sem settar eru í lögum 17. desember 1875, um mótvarnir gegn því að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands, skyldi fyrst um sinn beitt að því er snerti skip, sem kæmu hingað til landsins frá frakkneskum höfnum við Miðjarðarhafið, er hjermeð úr gildi felld.

Reykjavík, 29. júní 1885.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Bergur Thorberg. *Jón Jensson.*

11. dag júlímán. 1885.

Reykjavík 1885. Einar Þórðarson.